um hafrannsóknaskip.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvernig íslenzka ríkið geti með sem hagkvæmustum hætti eignazt hæfilega stórt og traust skip, er útbúið sé hinum fullkomnustu tækjum til haf- og fiskirannsókna og fiskileitar.

Greinargerð.

Það er augljóst mál, hver höfuðnauðsyn það er Íslendingum, svo mjög sem afkoma þeirra er tengd fiskveiðunum, að hér séu framkvæmdar rannsóknir á lífnaðarháttum nytjafiska, jafnframt því sem leitað er nýrra fiskimiða.

Hér við land hafa að vísu verið framkvæmdar slíkar rannsóknir annað veifið um nær hálfrar aldar skeið. Lengst af voru það útlendingar einir, sem að rannsóknum þessum stóðu, og fyrsta þátttaka íslenzkra vísindamanna í þessum rannsóknum var á vegum þeirra. Þá er Íslendingar hófust handa um þessar rannsóknir á eigin spýtur, voru þær framkvæmdar á veiðiskipum við allsendis ófullnægjandi aðstæður, og ávallt hefur vísindamönnum vorum verið svo þröngur stakkur skorinn að þessu leyti við rannsóknirnar, að mikið skortir á, að þeir hafi getað náð þeim árangri, sem vænta hefði mátt, ef betur hefði verið í haginn búið. Fyrir tveimur árum var byggt skip, er notað skyldi til fiskirannsókna, en hvort tveggja er, að skip þetta uppfyllir engan veginn þær kröfur, sem gera verður til skips, sem nota á í þessum tilgangi á höfum úti, og að skipi þessu hefur jafnframt verið ætlað að sinna tveim öðrum hlutverkum, landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi.

Á síðustu árum hafa orðið mjög miklar breytingar á hugmyndum manna um þær kröfur, sem gera verður til rannsóknaskips, jafnframt því sem reynslan hefur leitt í ljós, hve raunhæfa þýðingu þessar rannsóknir geta haft fyrir fiskveiðarnar, þegar rannsóknirnar eru framkvæmdar á hæfilega stórum skipum, sem búin eru hinum nýjustu tækjum. Ýmsar hinna stærri fiskveiðaþjóða hafa undanfarið lagt á það hið mesta kapp að búa sem bezt að rannsóknarstarfseminni, meðal annars að því er skipakost snertir. Hefur nágrannaþjóð okkar, Norðmenn, verið sérstaklega athafnasöm í þessu efni. Fyrir þremur árum tóku þeir í notkun nýtt og mjög fullkomið rannsóknaskip, G. O. Sars, og hafa auk þess látið hefja smíði á öðru skipi af svipaðri gerð og stærð. Telja þeir, að rannsóknir þær, sem framkvæmdar hafa verið á G. O. Sars, hafi haft slíka þýðingu fyrir sjávarútveg þeirra, og þá aðallega síldveiðarnar, að nema muni 5—6-földu byggingarandvirði skipsins.

Það er ljóst, svo sem fyrr getur, að skip það, sem ætlað var til rannsóknastarfsemi hér, er allsendis ófullnægjandi til þeirra hluta, og er mjög fjarri því, að það fullnægi þeim kröfum, sem gera verður til slíks skips, meðal annars af því að skipið er allt of lítið. Ber því til þess brýna nauðsyn, að gerðar verði hið fyrsta ráðstafanir til þess, að úr þessu verði bætt.

Á síðasta fiskiþingi kom fram mikill og ríkur áhugi fyrir úrbótum á þessu sviði, og var samþykkt um það tillaga, að byggt yrði, svo fljótt sem tök væru á, fullkomið skip til fiski- og hafrannsókna. Davíð Ólafsson fiskimálastjóri, sem hverjum manni betur fylgist með öllum framförum og nýjungum á sviði sjávarútvegsins og mætir þráfaldlega af hálfu Íslendinga á alþjóðaráðstefnum um þessi mál, telur það vera hina mestu nauðsyn Íslendingum, að svo sé í haginn búið fyrir vísindamenn vora, er að fiski- og hafrannsóknum starfa, að hér sé ávallt fyrir hendi hin fullkomnasta tækni á þessu sviði, því eins og málum nú er komið sé það lykillinn að hagnýtingu þess auðs, er í sjávardjúpinu felst. Þá er vísindamönnum vorum, sem bezt finna, hvar skórinn kreppir, það eðlilega mikið kappsmál, að betur sé í hendur þeim búið. Mundum við örugglega mega vænta þess, ef þeir væru að þessu leyti svo vel úr garði gerðir sem starfsbræður þeirra, er að rannsóknum vinna í Norðurhöfum, að þeir gætu þá unnið landi sínu eigi minna gagn en fallið hefur í skaut frænda vorra, Norðmanna, vegna þess, hve þeir hafa verið framtakssamir um þessa hluti.